



**Ræða**  
**forseta Íslands**  
**Ólafs Ragnars Grímssonar**  
**í hátíðarkvöldverði til heiðurs**  
**landstjóra Kanada**  
**Adrienne Clarkson og**  
**John Ralston Saul**  
**10. október 2003**

Virðulegi landstjóri Kanada Adrienne Clarkson  
og John Ralston Saul  
Heiðruðu gestir

Í þúsund ár hafa Íslendingar varðveitt frásagnir af tilraunum forfeðra okkar og formæðra til landnáms í Vesturheimi; á fornum skinnblöðum eru skráðar fyrstu rituðu heimildir í veröldinni um hið víðfeðma land sem við nú nefnum Kanada og álfuna Ameríku.

Leifur heppni og Guðríður Þorbjarnardóttir og samferðamenn þeirra voru djarfir brautryðjendur; í fremstu röð landkönnuða. Saga þeirra er okkur lifandi frásögn eins og fjölmargir atburðir árið 2000 sýndu vel; böndin sem tengja okkur saman eru ofin úr sterkum þráðum.

Þegar íslenskir landnemar flykkust til Kanada fyrir rúmri öld sáu margir þeirra för sína í ljósi hinna fornu sagna eins og skýrt birtist í sjálfsævisögu bónda frá Winnipeg sem fyrst rakti lífshlaup Leifs heppna áður en hann kom að sjálfum sér.

Landnámið í Kanada er nátengt íslenskum sjálfsskilningi; erfiði og raunir frændfólks og vina á allra vitorði hér heima; blöð og bækur lesin beggja vegna Atlantshafsins; um tíma fleiri bækur og blöð á íslensku gefin út vestanhafs en hér; skáldin sem ortu á sléttunum vestra eða við rætur Klettafjalla snertu strengi í íslenskum hjörtum og gera enn, urðu sannkölluð þjóðskáld þótt völlum þeirra væri erlend grund.

„Þó þú langföruull legðir  
sérhvert land undir fót,

bera hugur og hjarta  
samt þíns heimalands mót“

Hið þekktu ljóði Stephans G. Stephanssonar Úr Íslendingadags ræðu fangar tilfinningarnar sem við berum í brjósti og enn erum við hugfangin af Stephani G. Í síðustu viku voru 150 ár frá fæðingu hans í skagfirskri sveit og af því tilefni var í Háskóla Íslands alþjóðleg ráðstefna um skáldið og bókmenntir landnemanna og sérstakt fagnaðarefni er nú skuli út komin ítarleg ævisaga skáldsins í tveimur bindum.

Það sýnir hve lifandi arfleifð landnemanna er í menningu okkar Íslendinga að á undanförunum árum hefur komið út fjöldi bóka – fræðirit, skáldverk, ævisögur, bréfasöfn – sem helguð eru lífi ættingja okkar í Kanada og öll hafa þessi rit notið mikillar hylli hér heima. Við fylgjumst líka vel með bókmenntum og fræðastarfi sem Kanadabúar af íslenskum ættum eru að skapa og metum mikils hve mörg þeirra eru tíðir gestir hér hjá okkur.

Það er okkur kappsmál að varðveita og virða þessa arfleifð eins og efling Vesturfarasetursins ber með sér en á þann hátt hefur Hofsó's orðið áningarstaður allra sem hingað koma í pílgrímsför á ættarslóðir.

Okkur Íslendingum hefur verið tamt að líta fyrst og fremst til Norðurlanda þegar við metum frændsemi og söguleg bönd en samt er Kanada að sumu leyti okkur nákomnara, einkum við sköpun þess nútímasamfélags sem við höfum eignast, ógerningur að rita sögu Íslands á fyrri hluta síðustu aldar án þess að hlutur Vestur-Íslendinga verði þar gildur, jafnt í menningu sem atvinnulífi. Það var líka táknrænt að Nýja Ísland var heitið sem valið var á sjálfstjórnarsvæðið á sléttunum miklu.

Við fögnum því innilega og með sérstökum hætti landstjóra Kanada hér í kvöld, fulltrúa einstakrar vinabjóðar og metum mikils hve samstarf okkar hefur eflst á nýliðnum árum. Stofnun sendiráða í Ottawa og Reykjavík voru áfangar sem mörkuðu skýra stefnu og innan ráða og samtaka sem helguð eru norðurslóðum eigum við nú samstarf sem breiðkar til muna samskiptavöllinn. Áður höfðum við í hálföld verið bandalagsríki innan NATO, brúarsmiðir í samskiptum Evrópu við Ameríku og á nýliðnum áratug tókum við þátt í að þróa Norðurskautsráðið þar sem Íslendingar gegna nú formennsku og Kanadamenn hafa ætíð verið traustir þátttakendur.

Það er vel til fundið að för landstjórans er bundin þremur ríkjum á norðurslóðum. Hingað er hún komin frá Rússlandi og Finnlandi þar sem aukin samvinna þjóðanna í norðri var alls staðar þungamiðja dagskrár. Svo mun einnig verða hér og heimsókn landstjórans til Akureyrar er helguð umfjöllun um framtíðarþróun, atvinnulíf, tækni, umhverfisvernd,

menningu og menntun fólksins sem í norðrinu býr, á hinu víðfeðma svæði sem teygir sig frá Íslandi til Norðurlanda og þaðan gegnum hið stóra Rússland til Alaska og yfir Kanada þvert til Grænlands og loks aftur hingað, svæði þar sem hin öflugu ríki Bandaríkin og Rússland eiga nú kost á nýrri og náinni samvinnu í félagsskap Kanada og Norðurlanda.

Háskólinn á Akureyri og Stofnun Vilhjálms Stefánssonar eru miðstöðvar þessa nýja samstarfs á okkar heimavelli og á Akureyri eru líka höfuðstöðvar Rannsóknarþings Norðursins sem stofnað var á Íslandi árið 2000 og mun næst koma saman í Yellowknife í boði Kanadamanna.

Landstjóri Kanada sýnir og minningu hins merka landkönnuðar Vilhjálms Stefánssonar mikinn heiður með því að flytja sérstakan fyrirlestur helgaðan minningu hans á Akureyri og djúp ánægja er það okkur öllum að ekkja Vilhjálms, Evelyn Stefánsson Nef, hefur komið til landsins af þessu tilefni og er með okkur hér í kvöld og verður einnig á Akureyri.

Vilhjálmur Stefánsson var landkönnuður á heimsvísu, rannsakaði svæði sem áður voru Kanadamönnum lokuð bók, merkur sonur íslenskrar ættar, svo nákominn þjóð okkar að margir vildu að hann yrði fyrsti forseti Lýðveldisins.

Hann var þó umfram allt boðberi norðursins, ötull málflytjandi sem sá skýrt tækifærin sem þar búa, benti á þær miklu orkulindir sem í norðrinu eru og líklega nema fjórðungi vannýttrar orku sem jörðin býr yfir, hvatti til nýrra siglingaleiða sem tengja myndu fjarlægjar álfur um norðurslóðir, verkefni sem við Íslendingar höfum nú sett á oddinn; en þó umfram allt sá sem með alúð og elju varð til að auka þekkingu okkar á siðum og menningu fólksins sem í norðrinu býr og virðingu fyrir lífsháttum þess.

Heimsókn landstjóra Kanada til Íslands og förin til Rússlands og Finnlands eru áhrifarík yfirlýsing um vilja Kanada til að efla á nýrri öld samvinnu þjóðanna í norðri og því fögnum við Íslendingar sérstaklega.

Við fögnum líka tækifæri til að styrkja á ný tengslin sem sagan og menningin hafa fært okkur í hendur og treysta grundvöll velfarnaðar á vettvangi viðskipta og tækni, en íslensk fyrirtæki hafa í auknum mæli látið að sér kveða í verslun, fiskvinnslu og þróun hugbúnaðar í kanadískum félagsskap og við viljum gjarnan styrkja þau tengsl á næstu árum.

Hin nýja öld færir okkur fjölmörg tækifæri til að treysta samvinnu þjóða okkar og við bjóðum landstjóra Kanada Adrienne Clarkson og John

Ralston Saul hjartanlega velkomin til Íslands og þökkum þeim jafnframt vináttu og lifandi áhuga sem þau hafa sýnt Íslandi á nýliðnum árum.

Ég bið ykkur góðu gestir að rísa á fætur og lyfta glösum til heiðurs landstjóra Kanada Adrienne Clarkson og John Ralston Saul og til heilla fyrir vináttu þjóða okkar.